



Lúxemborg, 2. júní 2016

FRÉTTATILKYNNING 06/2016

Dómur í máli E-24/15 *Walter Waller gegn Liechtensteinische Invalidenversicherung*

VÆGI LÆKNISSKOÐANA VIÐ ÁKVÖRÐUN ALMANNATRYGGINGABÓTA Á STJÓRNSÝSLUSTIGI OG FYRIR DÓMSTÓLUM

Með dómi sem kveðinn var upp í dag svaraði EFTA-dómstóllinn tveimur spurningum sem vísað var til hans af áfrýjunardómstóli í Liechtenstein (*Fürstliches Obergericht*) varðandi túlkun 2. mgr. 87. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa („reglugerðin“).

Walter Waller er búsettur í Þýskalandi. Hann fær greiddar örorkubætur frá Tryggingasjóði Liechtenstein (*Liechtensteinische Invalidenversicherung*) („sjóðurinn“). Læknir, sem skipaður var af hinu lögbundna eftirlaunakerfi í Þýskalandi, framkvæmdi lækniSSKOÐUN á Waller og komst að þeirri niðurstöðu að jafnvel þótt ástand hans væri orðið betra þá væri starfsgeta hans enn skert. Niðurstaða matsins var sú að Waller gæti ekki starfað lengur en þrjár klukkustundir á dag.

Eftir að hafa borið þessa niðurstöðu saman við upplýsingar frá heimilislækni Waller, þar sem fram kom að hann hefði ekki lengur neina starfsgetu, ákvað sjóðurinn að lækka örorkubætur Waller frá 100% niður í 50%, en það var byggt á því áliti sjóðsins að hlutfall örorku hans væri 59%.

Waller kærði þá ákvörðun en þeirri stjórnslukæru hans var hafnað. Bar Waller þá málið undir dómstóla. Áfrýjunardómstóllinn vísaði tveimur spurningum til EFTA-dómstólsins sem vörðuðu 2. mgr. 87. gr. reglugerðarinnar, það er um bindandi áhrif niðurstöðu lækniSSKOÐUNAR stofnunar á dvalar- eða búsetustað, á skuldarstofnunina. Fyrsta spurningin laut að því hvort skuldarstofnunin gæti ekki véfengt slíka niðurstöðu við stjórnslumeðferð. Síðari spurningin laut að því hvort að slík bindandi áhrif ættu einnig við þegar um væri að ræða síðari málsmeðferð fyrir dómstólum.

Hvað varðaði fyrri spurninguna komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að 2. mgr. 87. gr. kæmi í veg fyrir að skuldarstofnun gæti véfengt niðurstöður slíkrar lækniSSKOÐUNAR. Það fælist í samræmingarkerfinu að beiðnir um lækniSSKOÐANIR ætti að senda á milli þar til bærra yfirvalda EES-rikkjanna í samræmi við það gagnkvæma traust sem kerfið byggðist á. LækniSSKOÐANIR hefðu bindandi áhrif eins og kveðið væri á um í 2. mgr. 87. gr., en þeirra áhrifa gætti svo lengi sem skuldarstofnunin hefði ekki nýtt sér þann rétt að láta lækni sem hún veldi sjálf skoða bótaþegann. Aftur á móti hefði sjóðurinn ekki nýtt sér þann rétt í málinu.

Hvað varðaði síðari spurninguna komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að framangreind bindandi áhrif tækju einnig til málsmeðferðar fyrir dómstólum í kjölfar stjórnslumeðferðar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.